

Fundargerð 338. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2011, fimmtudaginn 12. maí kl. 19:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hótelu Keflavík í Reykjanesbæ.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Guðný Sverrisdóttir, Skúli Þórðarson, Steinþór Pétursson og Björn Arnaldsson í forföllum Más Sveinbjörnssonar. Ólafur Örn Ólafsson boðaði forföll.

Að auki sat fundinn Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 337. fundar - 1101001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 337. fundar stjórnar frá 28. mars 2011.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Endurskoðun hafnalaga - 1003004HA

Fulltrúar hafnasambandsins gera grein fyrir starfi nefndar um endurskoðun hafnalaga.

Lögð fram til kynningar skýrsla frá nefnd sem hefur verið að endurskoða dönsku hafnalögin.

Gísli Gíslason og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir gerðu grein fyrir starfi nefndarinnar. Í umræðum var lögð áhersla á að hafnir sem standa frammi fyrir miklum endurbótum og endurnýjun hafnarmannvirkja fái styrki frá ríkissjóði. Þá var einnig rætt um 18. gr. hafnalaga og undanþáguákvæði í V. lið ákvæða til bráðabirgða, en undanþágur eiga að falla niður um næstu áramót. Áréttað var að undanþáguákvæðið þurfi að gilda áfram um ótilgreindan tíma. Óskað var eftir því að fulltrúar hafnasambandsins í endurskoðunarnefndinni upplýsi stjórnin eftir því sem starfi nefndarinnar vindur fram.

3. Fjármál og rekstur hafna - 0605013HA

Formaður gerði grein fyrir vinnu við samantekt um fjárhag hafna, sem hag- og upplýsing svið Sambands íslenskra sveitarfélaga vinnur nú að. Fram kom að þessari samantekt þurfi að fylgja yfirlit um framkvæmdaþörf í höfnunum.

4. Verndun og endurnýjun trébáta - 1105002HA

Lagt fram til kynningar afrit af bréfi til menntamálanefndar Alþingis, dags. 8. maí 2011, með ályktun málfings um verndun, smíði og nýtingu trébáta, sem haldið var 6. maí sl. í Sjóminjasafninu Víkinni.

5. Flutningur Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar - 1105003HA

Lagt fram erindi samgöngunefndar Alþingis, dags. 11. maí 2011, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar. Eftirfarandi umsögn samþykkt:

Stjórn Hafnasambands Íslands tekur ekki afstöðu til þess hvar á landinu starfsemi Landhelgisgæslu Íslands er sett niður, en leggur áherslu á að Landhelgisgæslunni séu ávallt tryggðar nægjanlegar fjárveitingar til þess að standa undir verkefnum hennar sem felast í öryggis- og löggæslu, eftirliti, leit og björgun. Með öflugri starfsemi Landhelgisgæslunnar verður öryggi sjófarenda, fólksins í landinu og verndun auðlinda best tryggð.

6. Hafnafundur 2011 - 1105001HA

Rætt var um undirbúning hafnafundar sem haldinn verður í Reykjavík 16. september nk. Á næsta fundi verða lögð fram drög að dagskrá hafnafundarins.

Fundi var slitið kl. 20:15.

Gísli Gíslason

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Guðný Sverrisdóttir

Björn Arnaldsson

Skúli Þórðarson

Steinþór Pétursson

Magnús Karel Hannesson